

-----Original Message-----

From: Guðmundur Einarsson [mailto:guðmein@itn.is]
Sent: 11. nóvember 2004 13:30
To: Jónína Bjartmarz; Elín Valdís Þorsteinsdóttir
Cc: Þórunn Ólafsdóttir; Lúðvík Ólafsson; Jónas Guðmundsson
Subject: Án heimilislækni

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/81
komudagur 11. 11. 2004

Sæl Jónína

Þegar við gengum frá minnisblaðinu til nefndarinnar í gær, vorum við m.a. að vinna úr nýfengnum tölum um þá sem skráðir eru með heimilislækni á heilsugæslustöðvunum. Við þurftum að vinna þetta nokkuð hratt og því miður hefur orðið skekkja í þessari tölu. Ástæðan er sú að heilsugæslustöðin í Mosfellsbæ var ekki inni í umræddri tölu, en hins vegar mannfjöldinn þar. Þannig er á þeirri stöð að allir íbúar eru sjálfkrafa skráðir með heimilislækni á stöðinni, en það eru alls 7615 manns m.v. maí síðastliðinn. Alls eru því skráðir með heimilislækni á svæðinu öllu að meðtöldum þeim sem skráðir eru hjá sjálfstætt starfandi heimilislæknum 147.540, en íbúar á svæðinu voru í maí s.l. 150.318. Mismunurinn er aðeins 2.778 en ekki 10.000 eins og við gáfum upp. Sé tekið tillit til mannfjölgunar á svæðinu það hálf ári sem munar á skráningartölum og mannfjölda, má ætla að þessi tala sé á milli 3000 og 4000. Hins vegar eru of margir skráðir á sumar stöðvarnar (ef miðað er við stærð þeirra) sem leiðir til lakara aðgengis en viðunandi er. Á það einkum við um heilsugæslustöðina í Lágmúla, en hún hefur eftir getu sinnt íbúum Voga- og Heimahverfis til bráðabirgða.

Kveðja
F.h. Heilsugæslunnar
Guðmundur Einarsson